

Haustfundur FINA 2012

Haustfundur Fínu, haldinn í Turninum í Kópavogi þann 27. september kl 16:30-17:00.

Mætt: Pálína Magnúsdóttir, Barbara Guðnadóttir, Heiðrún Dóra Eyvindardóttir, Hrafn Andrés Harðarson, Edda Kristmundsdóttir, Hlíf Arndal, Sunna Njálsdóttir, Sigrún Guðnadóttir, Margrét Sigugeirsdóttir, Margrét Gísladóttir, Stefanía Gísladóttir, Sævar Ingi Jónsson, Brjánn Birgisson, Erla Kristín Jónasdóttir, Jóhanna Hafliðadóttir og Halldóra Jónsdóttir.

Sunna Njálsdóttir formaður Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna setti fundinn. Eitt mál var á dagskrá: Stjórnin leggur til að farin verði námsferð erlendis næsta vor. Kostnaður greiddur að hluta til með fjármunum er félaginu áskotnaðist er Vefbókasafnið var lagt niður, kr. 667.000.

Stjórnin felur eftirfarandi aðilum að sjá um undirbúning: Pálína Magnúsdóttir, Sigrún Guðnadóttir, Hólmkell Hreinsson, Barbara Guðnadóttir og Margrét Ásgeirsdóttir.

Fundarmenn ræddu málin og voru allir samþykkir tillögu stjórnar.

Annað: Erfiðlega gengur að nota finavefinn og er t.d. fundargerð frá vofundi ekki komin á vefinn.

Fleira ekki gert, fundargerð ritaði Halldóra Jónsdóttir